

189

11. nóv.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50 til 500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Sektir renna í félagssjóð.

10. gr.

11. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögmætum aðalfundi, ef  $\frac{4}{5}$  allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting landbúnaðarráðherra til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og  $\frac{4}{5}$  greiddra atkvæða séu með því, og samþykki landbúnaðarráðuneytisins fáist um félagsslit.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. nóvember 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

190

13. nóv.

## SAMÞYKKT

### um lokun sölubúða í Húsavík.

1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 9. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Gamlaársdag, laugardag fyrir páska og hvítasunnu skal lokað eigi síðar en kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22.

Á tímabilinu 1. maí til 20. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 12 og á föstudögum eigi síðar en kl. 19.

Frá 21. september til 30. apríl skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

3. gr.

Alla helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. desember skal sölubúðum lokað kl. 12.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur vera þessar undantekningar: Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 9 til kl. 12, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó eigi heimilt að selja 190  
eftir lokunartíma sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema sam- 13. nóv.  
kvæmt verzlunarleyfi.

## 5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða  
eftir að lokað er.

## 6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauð- og mjólk-  
urbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann  
varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skip-  
um eftir lokunartíma veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bif-  
reiðum benzín og olíu. Einnig er heimilt að selja langferðamönnum nesti fyrir lok-  
uðum dyrum.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu  
frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga. Einnig er lögreglustjóra heimilt að fyrir-  
skipa lokun sölubúða einn dag í einu, eftir áskorun bæjarstjórnar.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sekt-  
innar í bæjarsjóð Húsavíkur. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem  
almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Húsavíkur samkvæmt lögum nr. 17  
1. febr. 1936, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga  
að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1953.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1953.

191

18. nóv.

## 1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

77 35 Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.

## 2. gr.

Aftan við 6. gr. C komi nýr liður, nr. 20, svo hljóðandi:  
Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1953.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Kjartan Ragnars.*